

REGLUGERÐ um útnefningu skipaafldrepa á Íslandi.

1. gr.

Eftirfarandi hafnir hafa verið útnefndar sem skipaafdrepp innan hafnar (neyðarhafnir):

1. Helguvíkurhöfn, sbr. hafnarreglugerð fyrir Reykjaneshöfn nr. 982/2005.
2. Hafnarfjarðarhöfn, sbr. hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn nr. 423/2012.
3. Ísafjarðarhöfn, sbr. hafnarreglugerð fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar nr. 1190/2005.
4. Akureyri/Krossaneshöfn, sbr. hafnarreglugerð fyrir Hafnasamlag Norðurlands bs. nr. 287/2005.
5. Reyðarfjarðarhöfn, sbr. hafnarreglugerð fyrir hafnir Fjarðabyggðar nr. 978/2009.
6. Vestmannaeyjahöfn, sbr. hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 1030/2012.

2. gr.

Eftirfarandi staðir hafa verið útnefndir sem skipaafdrepp utan hafnar:

1. Hvalfjörður, milli 21°34'V og 21°43'V, viðmiðunarpunktur: 63°23'N 21°40'V.
2. Dýrafjörður, viðmiðunarpunktur: 65°57'N 23°18'V.
3. Ísafjarðardjúp, viðmiðunarpunktur: 66°15'N 23°18'V.
4. Eyjafjörður, vestan við Hrísey, viðmiðunarpunktur: 66°02'N 18°28'V.
5. Reyðarfjörður, viðmiðunarpunktur: 64°57,5'N 13°40'V.
6. Heimaey, norðan við Eiðið, viðmiðunarpunktur: 63°28'N 20°17'V.

3. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 1. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003, með síðari breyt-
ingum og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 16. júní 2014.

Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 27. júní 2014